

- Fyrsti stálbáturin frá Austur-Pýzkalandi

(Framhald af 1. síðu.)

Skipið fékk slæmt veður milli Noregs og Færeys og telur áhöfnin það vera hið bezta sjóskip og líkaði í alla staði prýðilega.

STUTT LÝSING Á SKIPINU.

Skipið er smíðað eftir teikningum og lýsingu Hjálmars R. Bárðssonar, skipaverkfraeðings, og undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins og hefur eftirlitsmaður með smíðinni ytra verið Stefán Jónsson, iðnfræðingur.

Aðalmál skipsins eru sem hér segir: Öll lengd 23,08 m. Lengd milli lóðlina 20,00 m. Breidd á bandi 5,6 m. Dýpt 2,78 m.

Aætlað er að stærð skipsins verði um 75 rúmlestir brúttó, en skipaskoðunin er nú að mæla það endanlega.

Skipið er smíðað úr SM skipasmíðastáli og eftir fyrirmælum þýzka flokkunarfélagsins Germanischer Lloyds, fyrir útsjávar fiskiskip með styrkingu fyrir siglingu í ís. Skipið var hins vegar smíðað undir eftirliti skipaskoðunar ríkisins eins og fyrr segir.

280 HESTÖFL.

Íbúðir áhafnar eru í lúkar og káetu, en skipstjóráklefi er í brú.

Veglegar gafir til Bændaskólans á Hólum

Í tilefni af 75 ára afmæli Hólaskóla sl. vor færðu margir nemendahópar og aðrir velunnarar skólanum stórgjafir.

Páll Zóphoniásson og kona hans, frú Guðrún Hannesdóttir, færðu skólanum málverk frá Axarfirði, svarfdælskir Hólamenn málverk frá Svarfaðardal, nemendur burtskráðir 1937 ákváðu að gefa vandaða slagþörpu og margar fleiri gjafir bárust skólanum.

Pá komu saman til fundar á hátiðinni, er haldin var á Hólum 14. júlí sl., Hólamenn þeir er þar voru staddir þennan dag og höfðu verið á Búnaðarskólanum undir skólastjórn Steingríms Steinþórssonar, búnaðarmálastjóra. Ákevðið var á fundi þessum að gefa skólanum málverk af þeim skólastjórahjónum, Steingrími og konu hans, frú Theódóru Sigurðardóttur.

Var Örlygi Sigurðssyni, listmálarar, falið að vinna verkið, sem hann hefur nú senn lokið við, enda hugmyndin að listaverkin verði afhent skólanum við skólastefningu í haust.

Ef framkvæmdaneftnd þessa máls hefur ekki tekist að hafa samband við alla þá Hólamenn, er hér eiga hlut að máli, þá væri æskilegt að viðkomandi hefði tal af eða skrifandi einhverjum nefndarmanna, en þeir eru taldir: Gústaf Sigvaldason, Haukur Jörundsson, Haukur Jósefsson, Sigsteinn Pálsson og Eðvald Malmquist.

Rafmagnshitun er í öllu skipinu, einnig er eldað við rafmagn. Aðalvél er 280 hestöfl af MWM gerð. Skipið er búið vökvá-, tog- og línuvindum. Dýptarmælir er af austur-pýzkri gerð, og hefur hann reynzt prýðilega. Einnig er skipið búið radar auk annarra siglingatækja og firðtækja.

Fljúgandi listaverk

Svo sem kunnugt er taka 19 íslenzkir listamenn þátt í hinni miklu, samnorraenu myndlistarsýningu, er opnuð verður í Gautaborg 12. n. m. Vegna þess burfti að senda héðan til Gautaborgar um 78 listaverk, málverk, höggmyndir, vefnað, stein-, gler- og svartlist.

Hingað til hefur það verið hefðbundin venja að senda slíkar sýningardeildir landa í milli með skipum, en að þessu sinni ákváðu forráðamenn íslenzku deildarinnar að láta flytja alla sýningarmunina loftleiðis, þar sem það var talið miklu hagkvæmara.

Fyrsta sendingin fór héðan með flugvél Loftleiða 19. þ. m. til Gautaborgar og á miðvikudag hin síðasta með „Heklu“. Var það m. a. geystírt málverk eftir Gunnlaug Scheving (2x3 m.).

Tveir íslenzkir listamenn munu nú á förum héðan til þess að sjá um uppsetningu sýningarinna og vera fulltrúar íslenzkra myndlistarmanna meðan hún verður opin.

Er óhollt að ganga á háum hælum?

Enskur læknir skrifar fyrir skömmu á þessa leið í tímárit læknafélagsins:

„Háu hælarnir gera gönguna unaðslegri fyrir viðkomandi konu, þeir styrkja fótvoðvana og bvinga þann, sem á þeim gengur, til þess að halda jafnvægi og vanda ganginn.

Auk þess eru þeir miklu fallegri en lágrir. Hvílika ánægju höfum við karlar ekki haft af því að horfa á ökla og fótleggi, sem einkum nutu sín vegna háu hælanna.

Þar að auki myndi það ekki snúa kvenþjóðinni frá háum hælum til lágra, þó að allir heimsins læknar predikuðu gegn þeim. Og hví skyldum við þá vera að því?“

Við þetta má bæta, að kona míni, sem hafði fengið lómunarveiki og þjáðist mjög í baki undanfarin ár, fór til eins þekktasta sérfræðings í Dammörku í veturn, og hann bannaði henni að ganga á lágum hælum, vísaði henni á góða skó með hálsháum hælum, hverja hún skyldi kaupa dýrum dónum og ganga á æ síðan. Hún hlýddi lækninum auðvitað og hefur síðan varla fundið til í bakinu.

FIMMTUGUR: BJÖRGVIN JÓNSSON

Föstudaginn 13. þ. m. átti Björgvin Jónsson, málarameistari, Hlíðargötu 3 hér í bæ, fimmugafmæli. Björgvin er Eyfirðingur að ætt og uppruna, en hefur um mörg undanfarin átt heima á Akureyri og stundað þar íðn sína við ágætan orðstír. — Hann er mjög fjölhæfur á svíði verklegrar menntar og öll hans störf einkennast af vandvirkni og ríkum listasmekk.

Starfsmaður er Björgvin svo mikill, að þá mun að einn ástæða, ef honum fellur verk úr hendi og er vinnudagur hans oft langur. — Hann finnur heilbrigða lífsnautn í vel unnu verki og gildi tímans, sem allmargir virðast meta harla litils, er honum gafugull.

Björgvin Jónsson er samur á hátiðardögum sem í rúmhelginni, hljóðlatur og hlédrægur, en trúr og sannur hvar sem hann fer, og þá lögum öruggastur, þegar mest reynir á.

Heimili sínu ann hann af heilum hug og hefur lagt ríka stund á að fága það og prýða eins og bezt má verða. Hefur hans ágæta eiginkona, frú Laufey Sigurðardóttir, verið honum samhent um það, sem allt er til heilla horfir. Hún hefur alla stund glætt eldinn á arni heimilisins með þeim hætti að ógjarnan gleymist þeim, er notið hafa og þeir eru margir, því að oft er gestkvæmt í Hlíðargötu 3 eins og eðlilegt er, því að ljúf er dvölín þar, sem list, ljós og hlýja vígja saman þætti sína.

Í tilefni af þessum merku tímamótum í aðrei Björgvins Jónssonar óska vinir honum og fjölskyldu hans að bjart verði yfir brautinni óförnu, um leið og þeir þakka geislana frá genginni tið.

Heimilisvinur.

Heima er bezt,

Júlí—ágústhefti þessa góða tímárits er nýkomið út og flytur m. a. greinarnar :Hannes á Núpsstaðið eftir Helga Valtysson, Fyrsta veiðiförin eftir Árna Árnason, Úr sumarferðalagi eftir Bergsvein Skúlason, Þætti úr Vesturveri o. fl. eftir ritstjórn, Frá Látrabjargi eftir Stefán Jónsson námsstjóra og margt fleira efni, auk ágætra mynda.

Akranes,

Ápríl—júní hefti Akraness segrir enn frá Siglufirði, og er það fróðleg og skemmtileg grein eftir ritstjórn, Ól. B. Björnsson. — Benedikt Gíslason frá Hofteigi skrifar um Þorgerði á Hraunfelli. Ritstjórn skrifar um fróken Sigríði Helgason og Sigurður Jónsson frá Brún greinina Til fjalla og frá, síðari hluti, og verður ekki orða vant eða efnis. Þá er í ritinu Hversu Akranes byggðist o. m. fl. — Ritið er smekklegt að vanda og myndskreytt.

SPEGLAR

i baðherbergi og eldhús

Gott úrvall.



Jóns og glervörudeild

SNJÓKEDJUR

„CHAMPBELL“

750x20

825x20

900x20



Vela- og búsaðhaldadeild.



Vela- og búsaðhaldadeild

600x16 (rifflað)

Örfáir hjólbarðar

500x16



Vela- og búsaðhaldadeild

ÚR BÆ OG BYGGÐ

Fimmtugir verða í dag, 28. b. m., braðurnir Ásmundur og Jón G. Pálssynir, Lundgarði, Glerárborgi.

Helgi Jónasson bóni og grasafræðingur á Gvendarstöðum í Kinn varð sjötugur 26. þ. m. — Hann er borinn og barnfæddur að Gvendarstöðum, en þar hafa forfæður hans búið í nær 2 aldir. Kona Helga er Halldóra Jónsdóttir frá Fornastöðum í Fnjóskadal. Eiga þau 8 börn uppkomin, en Jónas, elzti sonurinn, er tekninn við búsforráðum að mestu.

Gamla Saurbæjar-kirkjan

Gamla kirkjan að Saurbæ á Hvalfjarðarströnd hefur nú verið flutt í heilu lagi að Vindáshlið í Kjós. En þar á hún að þjóna starfsemi Kristilegs félags ungra manna. En sem kunnugt er var ný kirkja vígð að Saurbæ í sumar og var þá hinni öldnu kirkju ofaukið á þeim stað.

Nokkuð hefur það tilkast að síðustu tímum að hún eru flutt í heilu lagi. Það var þó ætlunin að taka kirkjuna eitthvað sundur. En við það var hætt og var kirkjan flutt í heilu lagi.

Húsmaðraskólanir

(Framhald af 4. síðu.)
arana til að gefa óspart af sjálftum sér. Nemendur þurfa að finna að kennarar njóta þess að veita. Og kennarar verða að vera gæddir skilninggleði, sagði skólamáðurinn enn fremur, annars eiga þeir á haettu að nemendur fyllist ekki hinum sanna fögnudi yfir því að skilja og skynja samhengi hlutanna.

**Hreinni með CMC
kvítarí með ULTRA HVÍTU**

**Pvotturinn verður
drifhvítur og endingin
meiri en áður. —**

**Biðjið verzlun yðar um
PVOTTADUFTIÐ**

PERLU

Perla

inniheldur ultra-hvít og CMC

SÁPUVERKSMÍÐUAN SJÖFN AKUREYRI